

Dalaveitur ehf. 26. fundur.

Fimmtudaginn 28. maí 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórnarsýsluhúsinu í Búðardal og hófst hann kl. 14:30.

Mætt voru: Skúli Guðbjörnsson, Sigríður Huld Skúladóttir, Þuríður Jóney Sigurðardóttir og Kristján Sturluson.

Einnig sat fundinn Kristján Ingi Arnarson.

Dagskrá:

1. 1902021 – Framkvæmdir 2019.

Plægingu á Skarðsströnd er lokið. Framundan er plæging í Gilsfirði, að hluta í samstarfi við RARIK.

2. Lagning ljósleiðara í gegnum Tjaldanesland.

Lagt fram bréf frá Kristjóni Sigurðssyni þar sem hann heimilar að ljósleiðari verði lagður í gegnum landið.

3. Tjaldanes II – fallið frá tengingu.

Lagt fram bréf þar sem óskað er eftir að falla frá tengingu.

Búið er að leggja ljósleiðarann að húsvegg. Samþykkt að hætta við tenginguna en umsækjandi þarf að greiða útlagðan kostnað Dalaveitna vegna ljósleiðaralagningarnar.

4. 2005041 – Ísland ljóstengt, aukaúthlutun 2020.

Samþykkt að sótt verði um styrk vegna verkefna sbr. niðurstöðu 246. fundar byggðarráðs 28.05.2020. Sótt verður um styrk vegna tengingar veiðihúss og fjarskiptahúsa á Svínadal og tengingu yfir Svínadal (samtenging á kerfi Dalaveitna).

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Fundargerðin staðfest í tölvupóstum.

Skúli Guðbjörnsson, 05.06.2020 kl. 20:32

Sigríður Huld Skúladóttir, 06.06.2020 kl. 9:24

Þuríður Jóney Sigurðardóttir, 06.06.2020 kl. 9:17